

# D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur frá 21. september 2018 í máli nr. E-2164/2017:

**Roswitha M. Kreye Finnbogason og**

**Guðmundur Finnbogason**

*(Jón Magnússon lögmaður)*

**gegn**

**Jóni Kristni Jónssyni,**

**Sólseli ehf.,**

**Jóni Inga Dardi og**

**Amazingtours ehf.**

*(Karl Jónsson lögmaður)*

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð, þann 27. ágúst sl., er höfðað af Roswithu Kreye Finnbogason og Guðmundi Finnbogasyni, báðum til heimilis að Fannafold 165, Reykjavík, með stefnu birtri 23. og 24. júní 2017 á hendur stefndu, Jóni Kristni Jónssyni, Vindakór 4, Kópavogi, persónulega og fyrir hönd Sólsels ehf., á sama stað, og Jóni Inga Dardi, Baugakór 4, Kópavogi, persónulega og fyrir hönd Amazingtours ehf., Eldshöfða 12, Reykjavík.

Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnendum að jöfnu hvoru um sig óskipt (*in solidum*), 11.500.000 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 30. apríl 2015 til greiðsludags og leggist dráttarvextir við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn þann 30. apríl 2016, sbr. 12. gr. laga nr. 38/2001.

Þá er þess krafist að stefndu verði dæmdir óskipt til greiðslu málskostnaðar auk virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Af hálfu allra stefndu eru aðallega gerðar þær dómkröfur að stefndu verði alfarið sýknaðir af öllum kröfum stefnenda, en til vara að kröfur stefnenda verði verulega lækkaðar og aðeins teknar til greina að óverulegu leyti.

Bæði í aðalkröfu og varakröfu eru af hálfu allra stefndu gerðar þær dómkröfur að báðum stefnendum verði óskipt (*in solidum*) gert að greiða öllum stefndu málskostnað að skaðlausu og leggist 24% virðisaukaskattur á málskostnaðarfjárhæð að því er varði málskostnað til stefndu Jóns Kristins Jónssonar, Sólsels ehf. og Jóns Inga Dardi.

## *Ágreiningsefni og málsatvik*

Þann 31. maí 2014 gerðu stefnendur, Roswitha og Guðmundur, kaupsamning við stefnda, Amazingtours ehf., þar sem stefnendur seldu stefnda allt hlutafé í félaginu Víkingaslóðum ehf. Af hálfu stefndu er tildrögum viðskiptanna lýst svo að

20. mars 2014 hafi Magnús Hreggviðsson, löggiltur fyrirtækjasali, haft samband við stefnda Jón Kristin, en hann og stefndi Jón Ingi Dardi séu eigendur stefnda Amazingtours ehf., sem bjóði skoðunar- og ævintýraferðir um landið fyrir ferðamenn. Hafi Magnús sagst vera með til sölu fyrirtækið Víkingaslóðir ehf. sem byði upp á skipulagðar pakkaferðir fyrir ferðamenn til Íslands með gistingu og fæði og skipulagðar rútuferðir um landið með leiðsögn eða útleigu á bílaleigubílum. Hafi fylgt kynningunni að fyrirtækið væri 20 ára og með traust viðskiptasambönd við umboðsskrifstofur í Þýskalandi, Sviss og Noregi, sem önnuðust sölu fyrir það á þessum pakkaferðum.

Umsamið söluverð á Víkingaslóðum ehf. í kaupsamningnum var alls 81.300.000 krónur, en þar af voru yfirteknar skuldir í félaginu 21.300.000 krónur. Þá skuldbatt kaupandi sig til að greiða seljendum 60.000.000 króna með þeim hætti er nánar greinir í 4. gr. kaupsamnings. Af þeirri fjárhæð hafa síðan, að mati stefnenda, þegar óumdeilt verið greiddar samtals 48.500.000 krónur, en ógreiddar séu þá af umsömdu kaupverði 11.500.000 krónur, sem sé stefnufjárhæð málsins, en þá fjárhæð hafi borið að greiða 30. apríl 2015 og falli því dráttarvextir á vanskil frá þeim degi til greiðsludags.

Í lið 4.3 í framangreindum kaupsamningi aðila sé síðan einnig kveðið á um ábyrgð meðstefndu, þeirra Jóns Kristins Jónssonar, Jóns Dardi og Sólsels ehf., sem gengist hafi þar, að mati stefnenda, í óskipta ábyrgð fyrir greiðslu kaupverðsins og sé þeim því öllum stefnt hér óskipt til greiðslu hinna vangoldnu eftirstöðva kaupverðsins.

Þá vísa stefnendur til þess að þar sem stefndu hafi ekki greitt síðustu afborgun á gjalddaga, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir stefnenda til þess að fá greiðslu, hafi lögmaður stefnenda sent stefndu innheimtuviaðvörðun þann 21. október 2016, en þar sem engin greiðsla hafi borist hafi síðan verið sendar greiðsluáskoranir til allra stefndu. Ekki hafi þó tekist að birta áskorun fyrir Jóni Dardi og Amazingtours ehf. fyrr en lögmaður þeirra hafi 11. janúar 2017 samþykkt að unnt væri að birta greiðsluáskoranirnar fyrir þeim. Í framhaldi hafi síðan verið reynt að ná fram greiðslu en skuldin þó ekki fengist greidd, þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir, og því sé nauðsynlegt að höfða málið.

Sem greina má af framangreindu, þá höfða stefnendur málið sem innheimtumál vegna vangoldinna eftirstöðva af kaupverði samkvæmt kaupsamningi. Varnir stefndu snúa hins vegar að því að ágreiningur málsaðila sé öllu margslungnari en svo og að um sé að ræða uppgjörsmál þar sem stefndu hafi tilteknar varnir og gagnkröfur. Af hálfu stefndu er því þannig borið við í málinu að í ljósi viðskipta málsaðila sé skuldin alls ekki sú sem stefnendur geri hér kröfu um, sbr. eftirfarandi málsástæður stefndu.

Í málinu liggur einnig fyrir að stefnendur gangist við því að hafa enn í vörslum sínum reikning Víkingaslóða ehf. í bankanum Sparkasse, Hildesheim, í Þýskalandi, þar sem sé innstæða að fjárhæð 34.184,70 evrur vegna greiðslna frá viðskiptavinum félagsins. Uppgjör þess reiknings milli stefnenda og Víkingaslóða ehf., er sé sem slíkt ekki aðili þessa máls, hafi ekki enn farið fram, en stefnendur telji allt að einu að þau eigi haldsrétt í þeim bankareikningi á meðan kaupverð hafi ekki verið greitt að fullu.

#### *Málsástæður og lagarök af hálfu stefnenda*

Stefnendur byggi kröfu sína á ákvæðum kaupsamnings stefnenda og stefnda Amazingtours ehf., dags. 31. maí 2014, en samkvæmt grein 4.3 í honum hafi stefnda Amazingtours ehf. borið að greiða 20.000.000 króna. Þær greiðslur hafi aðeins borist að hluta, en efirstöðvar þeirrar skuldar, 11.500.000 krónur, hafi ekki fengist greiddar.

Um ótvíræða greiðsluskyldu stefnda Amazingtours ehf. sé að ræða og allra hinna meðstefndu óskipt, sbr. ótvíræð ákvæði kaupsamningsins um þær ábyrgðir þeirra.

Stefndu hafi aldrei mótmælt greiðsluskyldu samkvæmt samningnum og aldrei haft uppi kvartanir um vanefndir stefnenda eða galla á hinu selda. Efnisleg mótmæli við dómkröfunni hafi ekki komið frá stefndu og greiðslufall verði því eingöngu rakið til vangetu þeirra til þess að standa við skuldbindingar samkvæmt samningi aðila. Stefnendum sé því nauðsyn að fá aðfararhæfan dóm fyrir skuld stefndu við stefnendur.

Hvað varði gagnkröfur stefndu í málinu, þá sé af hálfu stefnenda vísað til þess að þær séu ósannaðar, eða þá séu í öllu falli fallnar niður fyrir tómlæti af hálfu stefndu.

Stefnendur byggi á meginreglum samningaréttar og kröfuréttar um að samninga skuli halda og að kaupendum beri að greiða kaupverð á umsömdum tíma. Kröfur um dráttarvexti, og þar með talið vaxtavexti, byggi á lögum nr. 38/2001. Stefnendur vísi einnig til laga nr. 91/1991, einkum XXI. kafla þeirra, varðandi málskostnað og til laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, en um varnarþing vísist til V. kafla laga nr. 91/1991.

#### *Málsástæður og lagarök af hálfu stefndu*

Stefndu hafni kröfum stefnenda, en byggi á því að vegna óskýrleika í dómkröfum stefnenda verði ekki með fullri vissu ráðið hverjar þær séu. Þó megi ráða af umfjöllun um málavexti í stefnu að stefnendur telji að stefndi Amazingtours ehf. eigi ógreiddar 11.500.000 krónur af umsömdu kaupverði. Stefnendur hafi lagt

fram kaupsamninginn án þess að fylgiskjöl sem honum fylgdu og talin séu upp í kaupsamningnum hafi verið með. Samkvæmt efnahagsyfirliti, sem sé fylgirit B með kaupsamningnum, sbr. grein 2.2 í kaupsamningi, þá séu eignir hins selda félags tilgreindar eftirfarandi:

1. Fasteignin Rauðhella 1, eignarhluti 01-0113, fastanúmer 225-8292, Hafnarfirði, 132,9 m <sup>2</sup> iðnaðarhúsnæði að verðmæti	16.700.000 krónur
2. Hópférðabifreiðar félagsins að verðmæti	30.700.000 krónur
3. Bílaleigubifreiðar félagsins að verðmæti	11.100.000 krónur
4. Birgðir, varahlutir, dekk o.fl. að verðmæti	3.500.000 krónur
5. Útistandandi viðskiptakröfur	1.000.000 króna
6. Aðrar útistandandi skammtímakröfur	800.000 krónur
7. Handbært fé í Íslandsbanka hf.	10.700.000 krónur
8. Viðskiptavild (áætluð af fyrirtækjasala)	<u>6.800.000 krónur</u>
Samtals:	81.300.000 krónur

Í 2. gr. kaupsamningsins komi fram að þau atriði sem síðan séu talin þar upp í 14 liðum séu ákvörðunarástæður kaupanda að því er varði kaup og kaupverð. Gengið sé út frá því að þau atriði hafi verið fyrir hendi á undirritunardegi samningsins. Í grein 2.1 segi að ársreikningur 2013 sé fylgirit með samningnum. Í grein 2.2 segi að fylgiskjal með kaupsamningi sé leiðrétt efnahagsyfirlit, er sýni endurmat á seldum fjármunum félagsins og söluverðmæti. Á yfirlitinu er undirritað sé af samningsaðilum komi fram að handbært fé nemi 10.700.000 krónum á reikningum félagsins í Íslandsbanka hf. Við afhendingu á félaginu 3. júní 2014 hafi innstæður á reikningum í Íslandsbanka hf. hins vegar einungis numið 2.797.053 krónum. Um annað handbært fé í eigu félagsins hafi ekki verið að ræða. Hafi þannig vantað 7.902.947 krónur upp á að eignir félagsins í handbæru fé væru samkvæmt því er samið hafi verið um við kaupin.

Ekki stoði að halda því fram að yfirlitið eigi að sýna efnahag Víkingaslóða ehf. 31. desember 2013. Í ársreikningi félagsins 2013 komi fram að handbært fé félagsins hafi í árslok 2013 numið 10.806.009 krónum. En á fyrirliggjandi yfirliti hafi staða handbærs fjár á innlánsreikningum félagsins í Íslandsbanka hf. í lok árs 2013 hins vegar einungis numið umreiknað alls 3.406.263 krónum. Handbært fé félagsins á reikningunum hafi þannig verið lægra er nemi 7.399.746 krónum en tilgreind fjárhæð þess samkvæmt ársreikningi. Stefnendur sem þáverandi eigendur og stjórnarmaður og framkvæmdastjóri Víkingaslóða ehf. beri ábyrgð á þeim upplýsingum í ársreikningi, sbr. 2. og 3. mgr. 3. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga, sbr. og ákvæði IX. kafla laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Varðandi gagnkröfur Amazingtours ehf. á hendur stefnendum vegna galla á hinu selda fyrir

skort á áskildum kostum er lofað hafi verið af seljendum í kaupsamningi um eignastöðu félagsins í handbæru fé, þá vísist til þess að ársreikningur Víkingaslóða 2013 hafi verið fylgiskjal með kaupsamningi og tilgreindur á meðal ákvörðunarástæðna kaupanda fyrir kaupum og kaupverði. Þá vísist til þess að seljendum hafi borið að upplýsa um við kaupin að handbært fé félagsins væri þannig miklu mun lægra en fram hefði komið á fyrirbyggjandi yfirliti um efnahag Víkingaslóða ehf., miðað við 31. desember 2013, enda hafi kaupverðið, 81.300.000 krónur, verið ákvarðað á grundvelli upplýsinga sem þar greini um eignir og skuldir félagsins, eins og fram komi á framangreindu yfirliti er miðist við 31. desember 2013.

Stefnendur hafi kynnt kaupanda starfsemi félagsins þannig að félagið starfaði að framkvæmd pakkaferða fyrir erlenda ferðamenn er kæmu til Íslands frá Þýskalandi, Sviss og Noregi og væri með viðskiptasambönd við umboðsskrifstofur í Þýskalandi, Sviss og Noregi, er seldu slíkar pakkaferðir á vegum Víkingaferða ehf. Í grein 2.6 í kaupsamningi hafi á meðal ákvörðunarástæðna kaupanda verið það að seljendur myndu tryggja að viðskiptasambönd héldust í fullu gildi þrátt fyrir söluna. Segi og í 6. gr. hans að seljendur skuldbindi sig ásamt skyldmönnum til að vinna ekki við eða eiga hluti í fyrirtæki sem talist gæti í beinni samkeppni við hið selda fyrirtæki. Gildi þetta án undantekninga í þrjú ár frá undirritun. Brjóti seljendur það verði þeir bótaskyldir. Þá komi fram í grein 2.12 að á meðal ákvörðunarástæðna sé að félagið sé löglegur eigandi að öllum vörumerkjum og öðrum hugverkaréttindum og lénnum.

Viðskiptasambönd sem kynnt hafi verið að félagið hefði í Noregi hafi aldrei verið afhent. Í stað þess hafi umboðsaðilinn þar, Deine Islandsreisen, er dóttir stefnenda reki í Noregi, hafið að selja sambærilegar ferðir á eigin vegum til Íslands. Hafi þetta orðið til þess að ársvelta Víkingaslóða ehf. hafi dregist saman um 41% frá árinu 2013 til 2014, sbr. ársreikningar. Í grein 2.2 í kaupsamningnum sé ársreikningur 2013 fyrst tilgreindur af ákvörðunarástæðum kaupanda fyrir kaupum og kaupverði. Hafi í ofangreindu falist brot á skuldbindingum seljanda samkvæmt 6. gr. kaupsamningsins. Ekki hafi svo bætt úr skák að lén félagsins, vikingaslodir.is og vikingaslodir.com, hafi verið tengd við heimasíðu Deine Islandsreisen, þó að félagið væri ekki lengur umboðsaðili fyrir sölu á ferðum á vegum Víkingaslóða ehf. Samkvæmt þessu hafi stefnendur líka vanefnt skuldbindingar í gr. 2.12 í kaupsamningi gagnvart kaupanda.

Í 5. gr. kaupsamningsins hafi verið umsamið við kaupin að Roswitha myndi starfa áfram hjá Víkingaslóðum ehf. fram í september 2014. Hafi hún síðan starfað áfram þar sem eini fasti starfsmaður fram til september 2016. Fyrir liggi að stefnendur hafi mótttekið frá viðskiptaaðilum Víkingaslóða ehf. greiðslur inn á

reikning í sinni vörslu hjá Sparkesse, Hildesheim, án þess að standa skil á þeim til félagsins. Í stefnu segi að fjárhæð þessi nemi 34.184,70 evrum, en í tölvuskeyti lögmanns stefnenda, dags. 16. desember 2016, sé fjárhæðin sögð vera 54.000 evrur. Stefndu hafi eðlilega ekki neinn aðgang að upplýsingum um innstæður á þessum reikningi, en samkvæmt færsluseðli er liggi fyrir hafi innstæða á reikningnum numið 63.963,11 evrum 1. september 2016, þegar Roswitha hafi hætt sem starfsmaður hjá Víkingaslóðum ehf. Þá séu samkvæmt færsluseðlunum óútskýrðar peningaúttektir á árinu 2016 af umræddum reikningi.

Varðandi kröfugerð stefnenda í stefnu þá vísast til þess að hún sé svo óskýr að varða kunni frávísun án kröfu. Ekki sé samræmi á milli kröfugerðar og málatilbúnaðar stefnenda, sbr. enn fremur 1. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991 um nauðsyn á samaðild.

Stefndi Amazingtours ehf. hafi orðið fyrir miklu tjóni vegna vanefnda stefnenda í umræddum viðskiptum. Sá stefndi byggir kröfur sínar í málinu meðal annars á því að hið selda samkvæmt umræddum kaupsamningi hafi verið haldið göllum í kröfuréttarlegu tilliti að því leyti að eignir félagsins hafi verið ranglega tilgreindar af stefnendum við kaupsamningsgerð, en þeir hafi upplýst að handbært fé þess næmi 10.700.000 krónum. Þess í stað hafi handbært fé félagsins numið 2.797.053 krónum við afhendingu félagsins til stefnda Amazingtours ehf. Verðmæti eigna félagsins hafi því verið minna en stefndur hafi lofað við söluna sem nemi 7.902.947 krónum. Hið selda hafi því ekki verið í samræmi við það sem lofað hafi verið í kaupsamningi og ekki svarað til þeirra upplýsinga er stefndur og hinn löggilti fyrirtækjasali, sem seljendur hafi falið að annast söluna fyrir sig, hafi gefið um hið selda, auk sem seljendur hafi vanrækt að upplýsa kaupanda um að staða á eignum félagsins í handbæru fé væri mun verri en fram hafi komið á fyrrgreindu yfirliti um eignir og í ársreikningi félagsins 2013. Vísist hér til 17. gr., 1. mgr. 18. gr. og 1. mgr. 19. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup varðandi það hvenær söluhlutur teljist haldinn galla. Stefndi Amazingtours ehf. byggir kröfur sínar meðal annars á framangreindu tjóni og að hann eigi af þeim sökum rétt til skaðabóta úr hendi stefnenda samkvæmt 1. mgr. 40. gr. sömu laga, eða þá afsláttar af kaupverði samkvæmt 38. gr. laganna, eða sem samsvari tjóni stefnda vegna lækkunar á verðgildi hins selda frá því sem verið hefði, hefði hið selda verið afhent í umsömdu ástandi. Gagnkröfur stefnda Amazingtours ehf. á hendur stefnendum á þeim grundvelli séu í málinu hafðar uppi til skuldajafnaðar við stefnukröfur samkvæmt heimild í 1. mgr. 28. gr. laga nr. 19/1991. Skilyrði 1. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991 um skuldajöfnuð séu hér fyrir hendi, en allar kröfurnar séu fjárkröfur og eigi allar rætur að rekja til kaupsamnings aðila.

Um fjárhæð gagnkrafna stefnda Amazingtours ehf., sbr. ofangreint, þá vísist til hreyfingayfirlita um stöðu innlánsreikninga Víkingaslóða ehf. í Íslandsbanka hf. á afhendingardegi 3. júní 2014. Um sé að ræða alla innlánsreikninga félagsins hjá Íslandsbanka hf. og allt handbært fé þess við sölu. Alls hafi handbært fé Víkingaslóða ehf., við afhendingu stefnenda á félaginu til stefnda Amazingtours ehf. þegar allar fjárhæðir séu umreiknaðar í íslenskar krónur, verið 2.797.053. Sé byggt á því að stefndi Amazingtours ehf. eigi gagnkröfu á hendur stefnendum um bætur eða afslátt af kaupverði sem nemi fjárhæð þess mismunar sem hafi verið á því handbæra fé sem til staðar hafi átt að vera í félaginu og því handbæra fé sem félagið hafi í reynd átt við afhendingu og eftirstöðva, eða 10.700.000 – 2.797.053, sem séu 7.902.947 krónur.

Um rétt Amazingtours ehf. til að halda eftir hluta kaupverðs vegna vanefnda stefnenda vísist til 42. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Stefndu hafi þegar eftir kaupun gert athugasemd við stefnendur um að staða handbærs fjár félagsins væri ekki í samræmi við það sem kynnt hafi verið af seljendum við kaupsamningsgerð og að af hálfu Amazingtours ehf. væri krafist lækkunar kaupverðs til samræmis. Hafi stefndu og Jón Kristinn og Roswitha ítrekað átt viðræður um þetta. Þá sé einnig vísað til þess að aðstæður séu með þeim hætti er lýst sé í 33. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Í öðru lagi snúi gagnkröfur Amazingtours ehf. á hendur stefnendum að því að þeim beri að standa stefndu skil á fjárhæð greiðslna sem þau hafi mótttekið á reikning Víkingaferða ehf., í þeirra vörslum, hjá Sparkasse, Hildesheim, (Geschäftsgirokonto 596705-BLZ25950130) vegna greiðslna frá viðskiptavinum Víkingaslóða ehf., en þau ekki staðið skil á til Víkingaslóða ehf. Stefndu hafi ekki aðgang að upplýsingum um umræddan reikning stefnenda í Þýskalandi, en af yfirlitum sem lögmaður stefnenda hafi afhent lögmanni stefndu megi sjá að innstæða á reikningnum 1. september 2016, þegar Roswitha hætti sem starfsmaður Víkingaslóða ehf., hafi numið 63.963 evrum. Af þeim yfirlitum megi og telja sannað að innstæða á reikningnum samanstandi alfarið af greiðslum frá viðskiptaaðilum Víkingaslóða ehf. Kaupgengi evru 1. september 2016 samkvæmt skráningu Seðlabanka Íslands á viðmiðunargengi hafi numið 129,16 kr. Innstæða á reikningnum umreiknuð í íslenskar krónur þann dag hafi því numið 8.261.461 krónu. Þá séu síðan eftirfarandi óskýrðar úttektir stefnenda af reikningnum: Þann 24. febrúar 2016 að fjárhæð 2.899 evrur, 10. maí 2016 að fjárhæð 2.145 evrur, 15. ágúst 2016 að fjárhæð 5.989 evrur, eða samtals 11.033 evrur. Innstæða reikningsins 1. september 2016, 63.963 evrur, að viðbættum úttektum, 11.033 evrum, geri alls 74.996 evrur. Það sé sú fjárhæð sem stefnendur hafi ekki gert skil á til Víkingaslóða ehf. Stefndum hafi í síðasta lagi borið að standa skil á framangreindri fjárhæð við

starfslok Roswithu hjá Víkingaslóðum ehf. í september 2016. Umreiknað í íslenskar krónur miðað við 1. september 2016 nemi þessi ógreiddu skil 9.686.483 krónum. Af hálfu Amazingtours ehf. sé gerð krafa á hendur stefnendum um greiðslu þeirrar fjárhæðar, 9.686.483 króna, auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá 1. september 2016 og til greiðsludags, til skuldajafnaðar við stefnukröfur. Stefnendur hafi í stefnu viðurkennt að Amazingtours ehf. eigi skuldajafnaðarrétt við kröfur stefnenda í málinu um þá fjármuni sem séu á umræddum bankareikningi í Sparkasse, Hildesheim. Gagnkrafan, krafa Víkingaslóða ehf. á hendur stefnendum, hafi af Víkingaslóðum ehf. verið framseld til stefnda Amazingtours ehf., sem hafi kröfuna hér uppi til skuldajafnaðar við stefnukröfur í málinu. Um sé að ræða kröfur á grundvelli beinnar fjárkröfu um skil á fjármunum í eigu stefnda Amazingtours ehf., en einnig á grundvelli skaðabótakröfu, enda geti sú háttsemi stefnenda að skila ekki umræddum fjármunum varðað við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Framangreindar gagnkröfur stefnda Amazingtours ehf. á hendur stefnendum nemi því samtals að höfuðstólsfjárhæð 17.589.430 krónum og komi þær til skuldajafnaðar á móti fjárkröfum stefnenda um greiðslu eftirstöðva kaupverðsins samkvæmt heimild í 1. mgr. 28. gr. laga nr. 19/1991. Séu sýknukröfur stefndu meðal annars rökstuddar með vísan til þess að gagnkröfur þessar séu hærri en stefnukrafa stefnenda. Í varakröfum stefndu um lækkun sé byggt á öllum sömu málsástæðum og lagarökum og greini varðandi aðalkröfu um sýknu, en að gagnkröfur stefnda Amazingtours ehf. á hendur stefnendum komi þá með skuldajöfnuði til lækkunar á kröfum stefnenda.

Sýknukröfur stefndu Jóns Kristins Jónssonar, Sólsels ehf. og Jóns Inga Dardi séu meðal annars byggðar á því að með framangreindum skuldajöfnuði á gagnkröfum Amazingtours ehf. teljist kaupverð samkvæmt kaupsamningi að fullu uppgert af hálfu kaupanda, Amazingtours ehf., við stefnendur og þar með sú greiðsla er þessir stefndu hafi verið í sjálfskuldarábyrgð fyrir, sbr. lið nr. 4.3 í kaupsamningi. Þar sem engin skuld sé þá fyrir hendi hjá Amazingtours ehf. við stefnendur beri einnig að sýkna þessa stefndu. Til öryggis sé byggt á því að sjálfskuldarábyrgð stefndu kveði eftir orðalagi ekki á um ábyrgð á „greiðslu skuldar“ eða „greiðslu kaupsamningsgreiðslu“ heldur „sjálfskuldaábyrgð á greiðslulið 4.3 í þessum samningi“. Til að um sjálfskuldarábyrgð hinna stefndu á greiðslu kaupsamningsgreiðslunnar geti verið að ræða hafi slíkt þurft að koma fram með skýrum og ótvíræðum hætti í yfirlýsingu um sjálfskuldarábyrgð. Þar sem því sé ekki til að dreifa beri einnig af þeirri ástæðu að sýkna stefndu Jón Kristin, Sólsel ehf. og Jón Inga Dardi af stefnukröfum í málinu.

Verði ekki fallist á það að sýkna beri stefndu Jón Kristin, Sólsel ehf. og Jón Inga Dardi af framangreindum ástæðum sé í varakröfum þessara stefndu meðal annars byggt á því að ekki komi fram í yfirlýsingu um sjálfskuldarábyrgð í kaupsamningi að ábyrgðin sé „óskipt“ eða „*in solidum*“ og beri því að telja hana „*pro rata* ábyrgð“ eða skipta ábyrgð. Hin skipta ábyrgð geti aldrei náð til hærri fjárhæðar en til þriðjungs af þeirri fjárhæð er út af stæði við uppgjör milli stefnda Amazingtours ehf. og stefnenda, verði stefndi Amazingtours ehf. ekki alfarið sýknaður af kröfum stefnenda í málinu.

Dráttarvaxtakröfum í stefnu sé mótmælt enda hafi stefndi Amazingtours ehf. verið í fullum rétti til að halda eftir þeim hluta kaupverðs sem nægt hafi til að tryggja kröfur hans vegna vanefnda stefnenda samkvæmt kaupsamningi, sbr. 42. gr. laga nr. 50/2000. Vísist til 7. gr. laga nr. 38/2001 um að krafa stefnenda beri ekki dráttarvexti að því marki sem henni sé mætt með gagnkröfum stefnda Amazingtours ehf.

Vísað sé til 80. gr. og 1. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991 og reglna um skýran og glöggan málatilbúnað og frávísunarástæðna vegna galla á málatilbúnaði. Varðandi gagnkröfur sem hafðar séu uppi í málinu til skuldajafnaðar sé byggt á meginreglum kröfuréttar og ákvæðum laga nr. 50/2000, einkum 17. gr., 1. mgr. 18. gr. og 1. mgr. 19. gr., 38. gr., 1. mgr. 40. gr., 42. gr. og 33. gr. þeirra. Um heimild til skuldajafnaðar sé vísað til 1. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991. Varðandi kröfu um málskostnað vísist til 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991 og 21. kafla laga nr. 91/1991. Um kröfu um virðisaukaskatt á málflytningu vísist til laga nr. 50/1988. Þar sem stefndu Jón Kristinn Jónsson, Sólsel ehf. og Jón Ingi Dardi séu ekki virðisaukaskattsskyldir aðilar þá beri þeim nauðsyn til þess að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnenda.

#### *Niðurstaða.*

Mál þetta höfðar stefnandi sem seljandi til innheimtu á vangoldnum eftirstöðvum samkvæmt kaupsamningi aðila, dags. 31. maí 2014, um félagið Víkingaslóðir ehf., þar sem stefndu voru kaupandi og ábyrgðarmenn, en gagnkröfur stefndu í málinu varða umrædd viðskipti og heildaruppgjör á breiðari grundvelli. Voru sættir reyndar á milli aðila en án árangurs. Ekki er tölulegur ágreiningur um það hverjar séu vangoldnar eftirstöðvar af greiðslum samkvæmt kaupsamningi, dags. 31. maí 2014, er stefnendur, Roswitha og Guðmundur gerðu sem seljendur og stefndi Amazingtours ehf. gerði sem kaupandi á öllu hlutfé í félaginu Víkingaslóðum ehf., en sú fjárhæð samsvarar óumdeilt höfuðstól í stefnukröfu stefnenda í málinu eða 11.500.000 krónum. Þá liggur einnig óumdeilt fyrir að heildarkaupverð hins selda félags í umræddum viðskiptum var 81.300.000 krónur

og hefur það verið efnt að fullu af hálfu stefnda Amazingtours ehf., utan þeirra eftirstöðva af síðustu sammingsgreiðslu sem hér er gerð krafa um.

Á hinn bóginn er ágreiningur á milli málsaðila um aðra þætti viðskiptanna. Þá einkum um það hvort og þá að hvaða marki stefndi Amazingtours ehf. eigi sannanlega gagnkröfu á stefnendur sem hann geti hér haft uppi til skuldajafnaðar á móti dómkröfu stefnenda. Þá er einnig ágreiningur um það hvert sé umfang sjálfskuldarábyrgðar meðstefndu í málinu, það er þeirra Jóns Kristins, Jóns Inga og Sólsels ehf., samkvæmt umræddum kaupsamningi, sem stefnandi gerir hér framangreinda kröfu um efndir á.

Hvað varðar gagnkröfur þær sem stefndi Amazingtours ehf. byggir sýknukröfu á í málinu, þá verður það skilið svo að byggi einkum á því, að þó svo að í fyrirbyggjandi yfirliti um hið selda, er kallast „Efnahagur Víkingaslóða ehf pr 31.12.2013“, komi fram að handbært fé í Íslandsbanka hafi átt að vera 10.700.000 krónur, þá sýni framlögð yfirlit yfir reikninga Víkingaslóða ehf. í þeim banka að sú fjárhæð hafi við gerð kaupsammings einungis verið sem svarar til alls 2.797.053 króna. Er því ekki mótæmt af hálfu stefnenda að svo hafi verið hvað varðar innstæðurnar í Íslandsbanka. Byggja stefndu á því að stefndi Amazingtours ehf. eigi vegna þessa rétt á afslætti af greiðslum eftirstöðva kaupverðsins sem þessum mun nemi, eða sem svari til 7.902.947 króna og geti krafa stefnenda því aldrei orðið hærri en sem nemi 3.597.053 krónum.

Hér fyrir dómi bar vitnið Magnús Hreggviðsson, er annaðist um sölu fyrirtækisins vorið 2014, hins vegar um að í yfirlitinu „Efnahagur Víkingaslóða ehf pr 31.12.2013“ hefði fyrir mistök hans verið vísað til þess að með handbæru fé, 10.700.000 krónum, hefði aðeins verið átt við fjármuni á reikningum Víkingaslóða ehf. í Íslandsbanka hf. Kvaðst hann þó vera viss um að þetta hefði verið heildartala alls handbærs fjár er fylgt hefði með við kaupin, en gat þó ekki útskýrt hvar allt það fé hefði þá verið varðveitt.

Af hálfu stefnenda hafa hér fyrir dómi verið gefnar þær skýringar á misræminu að um sé að ræða fjármuni sem fylgt hafi með við kaupin á reikningi Víkingaslóða ehf. í bankanum Sparkasse, Hildesheim, í Þýskalandi. Hafa stefnendur framvísað yfirliti er sýnir stöðuna 54.465,83 evrur á umræddum reikningi miðað við 7. desember 2016. Af hálfu stefnenda er bent á að á kaupsammingsdegi hafi sú fjárhæð því numið 8.424.775 krónum miðað við sölugengi á evru. Um sé að ræða innstæður á reikningi félagsins í Þýskalandi er hagræði hafi þótt að fyrir stefnda að fylgdi áfram með því eftir kaupin, þótt stefnendur séu enn með umráð reikningsins. Í kaupsamningi málsaðila hafi síðan sérstaklega verið samið um að Roswitha myndi starfa áfram fyrir Víkingaslóðir ehf. eftir kaupin og gerði hún það til september 2016. Þá liggur fyrir að stefnendur kveðast neita því að láta umræddan reikning af

hendi til núverandi forsvarsmanna félagsins þar til að gengið hafi verið frá kröfu um greiðslur á eftirstöðvum kaupverðs í máli þessu.

Ekki er ágreiningur í málinu um að umræddur reikningur í bankanum Sparkasse, Hildesheim, í Þýskalandi og innstæður á honum tilheyri Víkingaslóðum ehf. Af hálfu stefndu er hins vegar vísað til þess að ósannað sé að þær innstæður sem stefnandi vísar hér til og hafi verið á reikningi félagsins í Þýskalandi í árslok 2016 séu ekki að meira eða minna leyti síðar tilkomið fé sem Víkingaslóðir ehf. eigi vegna áframhaldandi sölu þar í landi, en séu ekki þeir umsömdu handbæru fjármunir sem fylgja hafi átt með í félaginu við kaupin árið 2014. Ber í því sambandi að geta þess að stefnendur hafa undir rekstri málsins ekki viljað bregðast við áskorunum stefndu um það að framvísa óslitnu hreyfingayfirliti, allt frá kaupunum, yfir þennan reikning í Þýskalandi, né yfir reikning í Noregi, sem getið er um á fyrirliggjandi saldólista félagsins fyrir árið 2013.

Að mati dómsins verður í ljósi framangreinds að leggja til grundvallar að ósannað sé að umræddir fjármunir Víkingaslóða ehf. á bankareikningi þess í Þýskalandi geti við svo búið útskýrt það óumdeilda misræmi er virðist vera á handbæru fé er tilgreint er samkvæmt framangreindu yfirliti með kaupsamningi aðila annars vegar og á því bankayfirliti sem sýnir stöðu á reikningum Víkingaslóða ehf. í Íslandsbanka hf. hins vegar, við kaupin á Víkingaslóðum ehf. árið 2014. Þá verður ekki séð að vitnisburður Magnúsar Hreggviðssonar hér fyrir dómi, sem stóð óumdeilt að gerð kaupsamningsins sem og að gerð umrædds fylgiskjals með honum, „Efnahagur Víkingaslóða ehf pr 31.12.2013“, varpi skýru ljósi á það hvað veldur misræminu á tilgreindum fjárhæðum.

Af hálfu stefnanda hefur verið vísað til þess að gögn málsins sýni ótvírætt fram á að það standi nær stefndu að bera hallann af þessum skorti á sönnun um það hvað valdi framangreindu misræmi þar sem fyrir liggir að allir aðilar kaupsamningsins hafi athugasemdalaust undirritað framangreint efnahagsyfirlit við gerð hans 31. maí 2014. Upp frá því hafi stefndu haft fullan aðgang að öllum gögnum og reikningum félagsins. Þá liggir ekki annað fyrir en að stefndu hafi engar efnislegar athugasemdir haft uppi um samningsskuldbindingar og efnidir aðila fyrir en í greinargerð fyrir dómi þegar gagnkröfur komu fyrst fram í málinu. Liggur þannig fyrir í málinu fjöldi tölvuskeyta á milli aðila, þar á meðal tölvuskeyti dags. 31. júlí 2015 frá Jóni Kristni til Roswithu um greiðsluáætlun um þær fjárhæðir sem virðast vera ógreiddar eftirstöðvar kaupverðsins, án athugasemda um hið selda, auk þess sem fyrir liggja tölvuskeyti lögmannna eftir að innheimta hefst, frá desember 2016 og fram á árið 2017, sem gefa ekki til kynna gagnkröfur stefndu, né að neinar athugasemdir þeirra um hið selda hafi þá legið fyrir.

Verður með hliðsjón af framangreindu að fallast á með stefnendum að stefndu verði því, eins og á stendur, að bera hallann af því að hafa ekki gert neinar efnislegar athugasemdir við stefnendur vegna kaupsamnings aðila, dags. 31. maí 2013 og meðfylgjandi yfirlits, „Efnahagur Víkingaslóða ehf pr 31.12.2013“, né við eftirfarandi innheimtu stefnenda á eftirstöðvum umsamins kaupverðs, fyrr en gagnkröfur stefnda Amazingtours ehf. birtust í greinargerð í máli þessu sem loks var lögð fram fyrir dómi 3. október 2017, um þremur og hálfu ári eftir að kaupin voru gerð. Liggur og fyrir að stefndi Amazingtours ehf. hafði allt frá því að kaup gerðust úrræði til að nálgast þessi gögn og hafa uppi gagnkröfur er vörðuðu rekstur Víkingaslóða ehf. Verður að telja þetta slíkt tómlæti af hálfu þessa stefnda að ekki verði við svo búið lagt á stefnendur að útskýra nú það misræmi sem vera kann í því yfirliti sem báðir aðilar þó samþykktu við kaupin og er með öllu óupplýst í málinu hverju kann að sæta, sbr. og reglu 32. gr. laga nr. 50/2000, en ekki er sýnt að sjónarmið er birtast þar í 33. gr. eigi hér við. Er því ósannað að stefndi Amazingtours ehf. eigi gagnkröfu á stefnendur sem höfð verði hér uppi til skuldajafnaðar á þeim grunni að sýnt sé fram á að umsömdu handbæru fé í hinu selda félagi hafi verið áfátt svo að stefnendur verði nú látnir bera ábyrgð á því.

Hvað varðar síðan aðrar málsástæður stefndu fyrir gagnkröfum til skuldajafnaðar þá verður að líta til þess að málatilbúnaður stefndu, eins og hann er hér fram settur, rennir ekki nægum stoðum undir gagnkröfu vegna annarra þátta í viðskiptum aðila, t.d. í tengslum við bankareikning Víkingaslóða ehf. í Þýskalandi, eða ætluð brot stefnenda á skilmálum í kaupsamningi aðila. Með því er þó í engu tekin afstaða til þess sem snýr að úppgerðum málum sem varða reikninga og innstæður Víkingaslóða ehf. erlendis, sem stefnendur hafa ekki enn látið af hendi til núverandi eigenda þess félags. Liggja heldur ekki fyrir skýr gögn um framsal kröfuréttinda frá Víkingaslóðum ehf. til stefnda Amazingtours ehf., sem þó er vikið að í greinargerð stefndu í málinu.

Hvað varðar síðan meðábyrgðir meðstefndu, Jóns Kristins, Jóns Inga og Sólsels ehf., á stefnukröfu málsins, þá byggir stefnandi þar um á ákvæði 4.3 í kaupsamningi aðila, dags. 31 maí 2014, sem og á niðurlagi þess samnings, en þar kemur fram að vegna síðustu afborgunar af kaupverðinu, sem átti að vera 20.000.000 króna greiddar 30. apríl 2015, þá takist umræddir aðilar sem séu tengdir kaupanda sameiginlega á hendur sjálfskuldarábyrgð á þeim greiðsluþingi, auk allra vaxta og kostnaðar ef vanskil yrðu. Er að mati dómsins ekki unnt að túlka þá ábyrgð öðruvísi en svo að um sé að ræða óskipta ábyrgð allra ofangreindra ábyrgðarmanna á þeirri skuld er hér um ræðir.

Að öðru leyti verður síðan heldur ekki séð að mati dómsins að aðrar framkomnar málsástæður stefndu styðji kröfugerð þeirra í málinu eins og þær liggja

hér fyrir.

Með hliðsjón af öllu framangreindu þá verður það því niðurstaða dómsins að fallast verði á stefnukröfur eins og þær liggja hér fyrir. Þar á meðal einnig á kröfu stefnenda um dráttvexti frá gjalddaga umræddrar afborgunar samkvæmt kaupsamningi aðila, frá 30. apríl 2015 og til greiðsludags. Höfuðstólsfærsla vaxta er nú hins vegar lögákveðin, sbr. 12. gr. laga nr. 38/2001, og verður því ekki vikið sérstaklega að þeirri kröfu stefnenda í dómsorði. Með hliðsjón af þessum úrslitum málsins verða stefndu einnig að kröfu stefnenda dæmdir til þess að greiða málskostnað að teknu tilliti til virðisaukaskatts eins og í dómsorði greinir. Þá ber loks að geta þess að dómkrafa stefnenda, sem lögmaður stefnenda hefur útskýrt fyrir dómi, er um margt óhefðbundin og fremur óskýr í framsetningu, en að mati dómsins er hún þó ekki það óskýr að varði frávísun án kröfu, eða að hún sé til þess fallin að hafa hindrað efnisvarnir stefndu, en í dómsorði hefur dómkrafan þó verið umorðuð óverulega með hliðsjón af framansögðu.

Mál þetta flutti Jón Magnússon lögmaður fyrir hönd stefnenda, en fyrir stefndu flutti málið Karl Jónsson lögmaður.

Pétur Dam Leifsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan. Dómarinn tók við málinu þann 10. janúar 2018, en hafði fram til þess engin afskipti af meðferð þess.

### **D ó m s o r ð:**

Stefndu, Jón Kristinn Jónsson, Sólsel ehf., Jóni Ingi Dardi og Amazingtours ehf., greiði óskipt stefnendum, Roswithu Kreye Finnbogason og Guðmundi Finnbogasyni, alls 11.500.000 krónur, sem skiptist að jöfnu á milli hvors þeirra um sig, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 30. apríl 2015 til greiðsludags.

Stefndu greiði stefnendum óskipt alls 1.000.000 krónur í málskostnað.

Dóminn kveður upp Pétur Dam Leifsson héraðsdómari.